

**618. fundur haldinn fimmtudaginn 20. janúar 2000 kl. 11:30
Gimli, Lækjargata 3 Reykjavík**

Mætt:

Tómas Ingi Olrich, formaður
Steinn Lárusson, fulltrúi SAF
Hrönn Greipssdóttir, varafulltrúi SAF
Helgi Pétursson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Kristján Þór Júlíusson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri
Haukur Birgisson, markaðsstjóri

1. Fundargerð 617. fundar.

Afgreiðsla: Samþykkt

2. Fjárhagsáætlun 2000

Afgreiðsla: Fjárhagsáætlun samþykkt og send samgönguráðherra til afgreiðslu. Þá var einnig samþykkt að auglýsa eftir umsóknum um styrki vegna úrbóta á ferðamannastöðum vegna þessa árs. Alls yrðu 3 milljónir til ráðstöfunar í þetta verkefni, sem að þessu sinni yrði vegna úrbóta á suður og vesturlandi.

3. Erindi Alþingis.

Beiðni um umsögn vegna 11. máls : Tillögu til þingsályktunar um stofnun Snæfellsþjóðgarðs.

Afgreiðsla: Samþykkt að senda Alþingi svar þar sem fram kæmi að vegna breyttra aðstæðna frá því ályktunin var flutt séu nú ekki forsendur til að senda efnislega umsögn.

4. Erindi stofnunar Vilhjálms Stefánssonar.

Í erindinu er Ferðamálaráði boðin aðild að Norðurslóðadegi sem stofnunin stendur fyrir 19. febrúar.

Afgreiðsla: Samþykkt að Ferðamálaráð þægi boðið og formaður ráðsins tæki þátt í dagskráinni af hálfu þess.

5. Bréf Markaðs- og atvinnumálanefndar Reykjanessbæjar.

Í bréfinu er Ferðamálaráði bent á með hvaða hætti Flugleiðir kynna Keflavíkurflugvöll á vef sínum og víðar sem "Reykjavík's International Airport" og þess óskað að Ferðamálaráð beiti áhrifum sínum til að á þessu verði breyting.

Afgreiðsla: Fram kom á fundinum að breyting hefur nú verið gerð á vefsíðum fyrirtækisins og frekari breytingar verði í öðrum gögnum.

6. Tilnefning í Náttúruverndarráð

Þar sem ganga þurfti frá tilnefningu Ferðamálaráðs í Náttúruverndarráð á milli funda sagði formaður að hann hefði að höfðu samráði við nokkra ráðsmenn gengið frá eftirfarandi tilnefningu: Aðalmaður: Magnús Oddsson, Varamaður: Hjalti Finnsson

Afgreiðsla: Tilnefningin staðfest

7. Önnur mál.

a) Formaður sagði frá fundum með framkvæmdastjóra Kristnihátíðarnefndar og með hvaða hætti unnið væri að kynningu þeirra viðburða.

b) Steinn Lárusson sem er formaður stjórnar Ráðstefnuskrifstofu Íslands sagði frá því að skömmu fyrir áramót hefði borist uppsögn Reykjavíkurborgar úr Ráðstefnuskrifstofunni. Sagði hann að viðræður ættu sér stað um framhald málsins.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 12:45.